



161. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn, 10. maí, 2006, kl. 12:00.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Formaður landbúnaðarnefndar mætir á fundinn.

Mættur er Gauti Jónsson, formaður landbúnaðarnefndar til viðræðna um slæmt ástand girðinga meðfram Þjóðvegi 1.

Bæjarráð leggur til að komið verði á samvinnu við Vegagerðina um að gerð verði úttekt um ástand girðinga meðfram Þjóðvegi 1 í sveitarfélaginu og í kjölfarið verði eigendur jarða hvattir til úrbóta í viðhaldi girðinga.

Rætt um viðhald Skrapatunguréttar. Blönduósbær óskar eftir samstarfi við Skagabyggð um að láta gera úttekt á viðhaldi réttarinnar ásamt kostnaðaráætlun.

Jafnframt rætt um að lagfæra þyrfti vegslóða við Kirkjuskarð.

2. Drög að húsaleigusamningi vegna Hnjúkabyggðar 31.

Sbr. bókun bæjarráðs frá 28. mars sl. þar sem samþykkt er að ganga til samvinnu við Ámundakinn ehf. og kanna kosti þess að bæjarskrifstofa verði innréttuð að Hnjúkabyggð 31, eru lögð fram drög að væntanlegum húsaleigusamningi sem tekur mið af byggingarkostnaði.

Bæjarráð vísar fyrirbyggjandi samningi til afgreiðslu í bæjarstjórn.

3. Drög að samningi vegna reksturs tjaldsvæðis og upplýsingamiðstöðvar sumarið 2006.

Fram lögð drög að samningi við rekstraraðila, Júlíus Líndal ehf. Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi vegna reksturs tjaldsvæðis og upplýsingamiðstöðvar sumarið 2006.

4. Minnisblað frá tæknideild vegna fundar með aðalstjórn UMF Hvatar.

Í minnisblaðinu er farið yfir helstu málefni, viðhald og framkvæmdir er varðar vallarsvæðið. Fram kemur að í fjárhagsáætlun ársins er einungis gert ráð fyrir rekstrarfé engu fjármagni til framkvæmda.

Bæjarráð þakkar greinargóða lýsingu verkefna og felur tæknideild í samvinnu við UMF Hvöt að kostnaðarmeta þá þætti sem fram koma í verkþáttum.



5. **Drög að kaupsamningi vegna Efstubrautar 2.**
Fram lagður kaupsamningur sbr. bókun bæjarstjórnar frá 4. apríl sl. Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi kaupsamning.
6. **Aðalfundarboð Vilko.**
Fundurinn verður haldinn þ. 16. maí nk. kl. 15:00. Bæjarráð mæti á fundinn.
7. **Önnur mál.**
- a. **Gagntilboð vegna Brimslóðar 10.** *Bæjarstjóra falið að gera gagntilboð á grundvelli umræðna.*
- b. **Viðbygging við leikskóla.** *Bæjarstjóri og leikskólastjóri greindu frá fundi með arkitektum Arkþings í liðinni viku.*
- c. **Skólalóð.** *Bæjarstjóri greindi frá fundi með landslagsarkitekti, fulltrúum skóla, fræðslunefndar og foreldrafélagi þar sem kynntar voru hugmyndir að nýju heildarskipulagi skólalóðar.*
- d. **Rætt um opnunartíma leikskóla.**
- e. **Valdimar Guðmannsson lagði fram eftirfarandi fyrirspurnir og óskar svara á næsta fundi bæjarráðs:**
- *Hvað hefur Blönduósbær sett mikla fjármuni í uppkaup á landi og fleira í tengslum við fyrirhugaðan afþreyingargarð á Blönduósi?*
 - *Hver er heildarkostnaður við breytingar á Hnjúkabyggð 33 í skrifstofuhúsnæði?*
 - *Fyrir hönd Á-listans óska ég eftir að fá dagbókarfærslur vegna sumarskemmtunar Matur og Menning 2005.*
- f. **Fyrirspurn til bæjarstjóra.** *Í viðtali við Feyki 19. apríl sl. kom fram að þínir vinnuveitendur hafi beðið þig að endurskoða uppsögn þína sem bæjarstjóra. Því er spurningin þessi. Er þessu máli lokið og þá með hvaða hætti? Til dæmis hvað varðar umræddan biðlaunarétt sem sagður var aðalástæða uppsagnarinnar.*
Valdimar Guðmannsson.
- Bæjarstjóri óskar eftir svohljóðandi bókun:** *Undirrituð vísar fyrirspurn þessari til núverandi vinnuveitenda, forseta bæjarstjórnar og formanns bæjarráðs.*
Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:55.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)